8. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 5. desember 1968 um almannaskráningu.

9. gr.

Hver samningsaðili getur gagnvart hverjum öðrum aðila að samningi þessum sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara til brottfalls 1. janúar eða 1. júlí. Skal honum sagt upp með skriflegri tilkynningu til viðkomandi samningsaðila og norska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

10. gr.

Frumrit samningsins skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 8. maí 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

11. júní 1990 Nr. 14

# AUGLÝSING

**um samning um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.**

Hinn 8. júní 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, sem gerður var í Tampere 15. júní 1988, og fullgildingarskjal vegna bókunar um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein sem gerð var í Tampere sama dag. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og fullgilda bókunina. Tilkynnt verður um gildistöku þeirra síðar.

Samningurinn og bókunin eru birt sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. júní 1990.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*

**Fylgiskjal 1.**

## SAMNINGUR
**um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi**

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð og sambandsríkið Sviss, hér á eftir nefnd samningsríkin,

vilja stuðla að heilsteyptu og öflugu evrópsku efnahagssvæði;

telja að alþjóðleg samræming á stöðlum og tæknilegum reglugerðum, svo og á leiðbeiningum

## CONVENTION
**on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity**

The Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden and the Swiss Confederation, hereinafter referred to as the Contracting States,

desiring to contribute to a homogeneous and dynamic European economic space,

considering that the international harmonization of standards and technical regulations and of

um aðferðir og verklag við prófanir og vottanir, geti verulega stuðlað að óhindruðum viðskiptum með vörur;

telja að slíkri samræmingu verði að fylgja gagnkvæm viðurkenning á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, og vilja því stuðla að samvinnu milli þeirra aðila sem sjá um prófanir, eftirlit, vottanir og viðurkenningar, og yfirvalda þeirra sem þau mál heyra undir, svo og að því að yfirlýsingar framleiðanda um samræmi verði notaðar;

viðurkenna þá meginreglu að leyfa beri í öðrum samningsríkjum óhindruð viðskipti með vöru og notkun hennar sem löglega er á markaði í einu samningsríki;

viðurkenna að samningur þessi hindrar ekkert samningsríki í að gera samninga um gagnkvæma viðurkenningu á sviði prófana, eftirlits og vottana við önnur ríki;

telja að ekkert ákvæði samnings þessa megi túlka þannig að samningsríkin séu leyst undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, svo sem stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), og samningi GATT um tæknilegar viðskiptahindranir sem gerður var innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT);

eru sammála um eftirfarandi:

**Almenn ákvæði**

1. gr.

1. Samningur þessi gildir um hverjar þær vörur sem fyrirskipað er í hverju samningsríkjanna að skuli prófaðar eða lagðar fram sönnur um samræmi eða sannprófanir áður en þær eru settar á markað eða notaðar.

2. Hugtökin sem eru notuð í þessum samningi hafa þá merkingu sem viðurkennd er á alþjóðavettvangi, einkum svo sem segir í skjölum þeim sem eru tilgreind í Viðauka I.

3. Í samningi þessum merkir orðalagið „prófunarniðurstöður" einnig prófunarskýrslur og „staðfesting á samræmi" merkir einnig eftirlitsskýrslur, yfirlýsingar framleiðanda um samræmi, samræmisvottorð og samræmismerki, vitnisburð um samræmi og annað það sem leiðir af aðgerðum til að sýna fram á samræmi.

2. gr.

1. Er samningsríki veita samþykki fyrir vörur eða leyfa að þær séu seldar eða notaðar skulu þau tryggja að viðeigandi aðilar á yfirráðasvæði þeirra taki gildar prófunarniðurstöður frá prófunarstof-

guidelines for methods and procedures for testing and certification is a valuable contribution to the free movement of products,

considering that this harmonization must be supplemented by mutual recognition of test results and proofs of conformity and desiring therefore to promote co-operation between their testing, inspection, certification and accreditation bodies and concerned authorities as well as the use of suppliers' declarations of conformity,

recognizing that a product lawfully marketed in one Contracting State should in principle be permitted to circulate freely and to be used in the other Contracting States,

recognizing that no Contracting State is prevented by this Convention from concluding mutual recognition agreements in the field of testing, inspection and certification with other countries,

considering that no provision of this Convention may be interpreted as exempting the Contracting States from their obligations under other international agreements such as the Convention establishing the European Free Trade Association (EFTA) and the GATT Agreement on Technical Barriers to Trade set up within the General Agreement on Tariffs and Trade (GATT);

have agreed as follows:

**General provisions**

Article 1

1. This Convention is applicable to all products, which in any of the Contracting States are subject to mandatory requirements concerning testing or proofs of conformity or other forms of verification or approval before being put on the market or used.

2. Terms contained in this Convention shall have internationally accepted meanings, especially as laid down in the documents listed in Annex I to this Convention.

3. For the purpose of this Convention the term "test results" includes test reports and the term "proofs of conformity" includes inspection reports, suppliers' declarations of conformity, certificates and marks of conformity, attestations of conformity and other results of actions demonstrating conformity.

Article 2

1. The Contracting States, when granting approval or admitting products to be put on the market or to be used, shall ensure that relevant bodies within their territories accept without re-

um á yfirráðasvæði annars samningsríkis, sem hafa verið viðurkenndar í samræmi við þau viðmið sem lýst er í skjölum tilgreindum í Viðauka II, án endurtekinnar athugunar.

2. Er samningsríki veita samþykki fyrir vörur eða leyfa að þær séu seldar eða notaðar skulu þau tryggja að viðeigandi aðilar á yfirráðasvæði þeirra taki gildar prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi frá viðeigandi aðilum í öðru samningsríki samkvæmt samningi sem tilgreindur er í Viðauka III og viðurkenni þær sem jafngildar sínum eigin án endurtekinnar athugunar.

3.1. Viðurkenndar prófunarstofur samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, svo og viðeigandi aðilar sem gefa út viðurkenndar prófunarniðurstöður eða staðfestingar á samræmi samkvæmt samningum sem vísað er til í 2. tl. þessarar greinar, skulu samþykktar af fastanefndinni sem fjallað er um í 8. gr. og skráðar í Viðauka IV. Sérhver afturköllun viðurkenningar skal þegar koma fram í Viðauka IV.

3.2. Samningsríkin skulu leita samþykkis fastanefndarinnar við viðurkenndum prófunarstofum á yfirráðasvæði sínu, og kynna henni umfang prófananna og til hverra viðeigandi prófunaraðferða viðurkenningin tekur. Þau skulu ennfremur tilkynna fastanefndinni um sérhverja afturköllun viðurkenningar, tímabundna eða til frambúðar.

3.3. Aðilar sem hafa umsjón með framkvæmd samninga þeirra sem fjallað er um í 7. gr. skulu leita samþykkis fastanefndarinnar við þá aðila sem gefa út viðurkenndar prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi samkvæmt þeim samningum. Þær skulu ennfremur tilkynna fastanefndinni í hvert sinn sem viðurkenning stofnunar samkvæmt slíkum samningi er felld úr gildi, um tíma eða til frambúðar.

3.4. Ef samningsríki óskar þess skal fastanefndin ákveða hvort prófunarstofa eða annar aðili skuli felldur úr skránni í Viðauka IV.

4. Samningsríkjum skal ekki meinað að gera eðlilegar skyndikannanir á yfirráðasvæði sínu.

3. gr.

1. Þegar gildar ástæður benda til að tilteknar prófunarniðurstöður eða staðfestingar á samræmi kunni að vera ófullnægjandi eða rangar, má samningsríki neita að taka slíkar niðurstöður eða staðfestingar gildar.

examination test results from testing laboratories which have been accredited in accordance with the criteria laid down in documents listed in Annex II to this Convention and which are located within the territory of another Contracting State.

2. The Contracting States, when granting approval or admitting products to be put on the market or to be used, shall ensure that relevant bodies within their territories accept and recognize as equivalent to their own without re-examination test results and proofs of conformity from relevant bodies in another Contracting State in accordance with an agreement listed in Annex III to this Convention.

3.1 The accredited testing laboratories referred to in paragraph 1 above, as well as relevant bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under agreements referred to in paragraph 2 above shall be endorsed by the Standing Committee referred to in Article 8 and listed in Annex IV. Any withdrawal of accreditation or recognition shall promptly be reflected in Annex IV to this Convention.

3.2 The Contracting States shall present accredited laboratories located within their territories to the Standing Committee for endorsement, indicating the scope of the tests and the relevant test methods for which the accreditations are valid. They shall likewise inform the Standing Committee of any suspension or withdrawal of accreditation.

3.3 The administrative bodies of the agreements referred to in Article 7 shall present bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under such an agreement to the Standing Committee for endorsement. They shall likewise inform the Standing Committee of any suspension or deletion of such bodies under such an agreement.

3.4 If so requested by a Contracting State the Standing Committee shall decide on the deletion of a testing laboratory or other body from the list in Annex IV.

4. The Contracting States shall not be prevented from carrying out reasonable spot checks within their territories.

Article 3

1. Where there are valid reasons to suspect that specific test results or proofs of conformity are incomplete or incorrect, a Contracting State may refuse to accept such results or proofs.

2. Samningsríki getur gert viðeigandi ráðstafanir til að innkalla vöru eða banna sölu hennar enda þótt hún hafi staðist prófun eða hlotið staðfestingu á samræmi í öðru samningsríki þegar þess er þörf til verndar lífi eða heilbrigði manna, dýra eða jurta, eða til verndar eignum eða umhverfi.

3. Bönn eða takmarkanir sem leiðir af ráðstöfunum samkvæmt 1. eða 2. tl. mega hins vegar ekki vera notuð í þeim tilgangi að koma á gjörræðislegri eða óréttlætanlegri mismunun eða duldum viðskiptahömlum milli samningsríkja.

4. Samningsríki sem grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal þegar tilkynna þær fastanefnd þeirri sem fjallað er um í 8. gr.

2. When necessary to protect human, animal or plant life or health, property or the environment a Contracting State may take appropriate measures to recall or prohibit the marketing of a product even if it has passed a test or a procedure of proof of conformity in another Contracting State.

3. Prohibitions and restrictions caused by measures in accordance with paragraphs 1 or 2 must not, however, constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on trade between the Contracting States.

4. A Contracting State undertaking a measure under this Article shall immediately inform the Standing Committee referred to in Article 8 of such a measure.

4. gr.

Samningsríkin skulu gera þær eðlilegu ráðstafanir sem þeim eru tiltækar til að tryggja að aðilar á vegum svæðisbundinna stjórnvalda og annarra aðila á yfirráðasvæði þeirra sem ekki starfa á vegum stjórnvalda hlíti ákvæðum samningsins. Samningsríkin skulu auk þess ekki gera ráðstafanir sem hafa beint eða óbeint í för með sér að slíkir aðilar verði eða séu hvattir til að starfa með hætti sem ekki samræmist ákvæðum samnings þessa.

Article 4

The Contracting States shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that local government bodies and non-governmental bodies within their territories comply with the provisions of the Convention. In addition, Contracting States shall not take measures which have the effect, directly or indirectly, of requiring or encouraging such bodies to act in a manner inconsistent with the provisions of this Convention.

**Samkomulag á einstökum sviðum**

5. gr.

1. Samkvæmt samningi þessum er ríkisstjórnum samningsríkjanna frjálst að gera þá samninga sem fjallað er um í 2. tl. 2. gr. Þær mega fela þar til bærum aðilum að gera slíka samninga, ef þessum aðilum er ekki heimilt að lögum að gera slíka samninga. Framkvæmd slíkra samninga innanlands kann að krefjast breytinga á landslögum.

2. Samninga milli þar til bærra aðila sem mæla fyrir um gagnkvæma viðurkenningu á prófunarniðurstöðum og staðfestingum á samræmi má tilgreina í Viðauka III ef þeir samræmast ákvæðum samnings þessa.

3. Samningsríkin skulu tryggja að þar til bærir aðilar á yfirráðasvæði þeirra, sem sækja um eða er boðin aðild að nýjum samningi, tilkynni fastanefndinni þar um.

**Sectoral Agreements**

Article 5

1. The Governments of the Contracting States are entitled under this Convention to conclude the agreements referred to in Article 2 (2). They may entrust competent bodies with the task of concluding such agreements if these bodies are not entitled by law to conclude such agreements. The national implementation of such agreements may necessitate the amendment of national legislation.

2. Agreements between competent bodies that provide for the mutual recognition of test results and proofs of conformity may be included in Annex III to this Convention if they comply with the provisions of this Convention.

3. The Contracting States shall ensure that competent bodies within their territories which initiate or are invited to be a member of a new agreement shall inform the Standing Committee thereof.

6. gr.

1. Hvert samningsríkjanna getur lagt til að samningur verði tilgreindur í eða felldur úr Viðauka III.

Article 6

1. Any Contracting State may propose that an agreement be included in or deleted from Annex III to this Convention.

2. Fastanefndin ákveður hvort samningur verði tilgreindur eða felldur úr Viðauka III.

3. Ef fastanefndin ákveður að tilgreina samning í Viðauka III skal hún miða við hvernig hann samræmist ákvæðum samnings þessa, einkum 7. gr.

4. Fastanefndin getur ákveðið að fella samning úr Viðauka III ef hann samræmist ekki lengur ákvæðum samnings þessa, ef þar til bærir aðilar frá færri en þremur samningsríkjum eiga aðild að honum, eða ef hann gegnir ekki lengur hlutverki sínu.

7. gr.

1. Aðeins má tilgreina samning í Viðauka III ef þar til bærir aðilar frá þremur eða fleiri samningsríkjum eiga aðild að honum.

2. Ákvæði samnings sem tilgreina má í Viðauka III verða hið minnsta að kveða á um eftirfarandi:

(a) vörur eða vöruflokka sem samningurinn tekur til,

(b) kröfur sem gerðar eru til vörunnar,

(c) verklagsreglur um prófun vörunnar eða hvernig staðfest skuli að þær séu í samræmi við viðmiðunarkröfur,

(d) upplýsingar um það hvernig sú tilhögun sem í samningnum greinir geti komið viðskiptum og framleiðslugreinum til góða,

(e) reglur um umsjón með framkvæmd samningsins,

(f) þátttökuskilyrði sem tryggja að allir aðilar séu jafnréttháir,

(g) verklagsreglur um lausn deilumála.

3. Eftir því sem unnt er skal samningur byggjast á samræmdum kröfum um viðkomandi vöru, um staðfestingu á samræmi og um nauðsynlegar prófunaraðferðir.

4. Sá aðili sem hefur umsjón með framkvæmd hvers samnings skal árlega gefa fastanefndinni skýrslu um framkvæmd hans.

**Fastanefnd**

8. gr.

1. Hér með er stofnuð fastanefnd, þar sem hvert samningsríki skal eiga fulltrúa og fara með eitt atkvæði.

2. Fastanefndin skal starfa með samhljóða samþykki nema annað sé ákveðið í samningi þessum. Ákvarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða nema fulltrúi einhvers samningsríkis

2. The inclusion of agreements in Annex III to this Convention and the deletion therefrom shall be decided upon by the Standing Committee.

3. The Standing Committee shall base its decision to include an agreement in Annex III to this Convention on the conformity of the agreement with the provisions of this Convention, in particular Article 7 thereof.

4. The Standing Committee may decide to delete an agreement from Annex III to this Convention if it no longer complies with the provisions of this Convention, if competent bodies from less than three Contracting States are members thereof or if it ceases to function.

Article 7

1. Only agreements of which competent bodies from at least three Contracting States are members may be included in Annex III to this Convention.

2. In order to be included in Annex III the provisions of an agreement must contain at least the following:

(a) products or product sectors to be covered;

(b) requirements for the products;

(c) procedures for testing or for proving conformity and stipulation of mutual acceptance;

(d) guidance on how trade and industry can benefit from the facilities offered by the agreement;

(e) rules for the administration of the agreement;

(f) conditions for participation ensuring a fair balance of rights and obligations for all parties;

(g) procedures for dispute settlement.

3. Agreements shall, as far as possible, be based on harmonized requirements for the products concerned, for the proofs of conformity and for the necessary test methods.

4. The administrative body of each agreement shall annually report to the Standing Committee on the operation of the agreement.

**Standing Committee**

Article 8

1. A Standing Committee is hereby established in which each Contracting State shall be represented and have one vote.

2. The Standing Committee shall act by unanimity unless otherwise provided for in this Convention. Decisions and recommendations shall be regarded as unanimous unless any representative

greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt þarfnast samþykkis að minnsta kosti fjögurra samningsríkja.

3. Fastanefndin skal koma saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hvert samningsríkjanna sem er getur óskað eftir fundi.

4. Fastanefndin ákveður eigin starfsreglur og í þeim skulu meðal annars vera ákvæði um boðun funda, val formanns og formennskutíma hans.

5. Fastanefndinni er heimilt að koma á fót hvers konar undirnefnd eða vinnuhóp sem orðið getur henni til aðstoðar við störf sín.

6. Fastanefndin getur boðið áheyrnarfulltrúum og sérfræðingum að sitja einstaka nefndarfundi.

9. gr.

1. Fastanefndin ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og að gæta þess að réttilega sé eftir honum farið, en yfirfer auk þess framkvæmd hvers samnings sem er tilgreindur í Viðauka III. Í því skyni skal hún taka ákvarðanir um þau atriði sem kveður á um í samningi þessum og gera auk þess tillögur um hvernig megi stuðla að því að markmiðum með samningnum verði náð.

2. Nú næst ekki sammæli í fastanefndinni um að samþykkja eða afturkalla prófunarstofur eða viðeigandi aðila samkvæmt 3. tl. 2. gr., og skal þá nefndin þegar skipa vinnuhóp til að undirbúa ákvörðun. Hvert samningsríki má tilnefna einn mann í vinnuhópinn. Skal vinnuhópurinn leggja skýrslu sína með niðurstöðum og tillögum fyrir fastanefndina innan þriggja mánaða, en að þeim tíma liðnum skal nefndin afgreiða málið innan tveggja mánaða með meirihluta atkvæða.

3. Óski eitthvert samningsríkjanna þess skal fastanefndin rannsaka aðgerðir sem gripið hefur verið til samkvæmt 3. gr. Hún getur með meirihluta atkvæða gefið út tilmæli um að hvert það samningsríki sem hlut á að slíku tilviki grípi til viðeigandi aðgerða til að sambærileg tilvik endurtaki sig ekki. Eigi skal þetta standa framkvæmd 10. gr. í vegi.

4. Fastanefndin getur gert tillögur um breytingar á texta samnings þessa. Með ákvörðun sinni gerir hún breytingar á viðaukum við samning þennan.

of a Contracting State casts a negative vote. Those decisions and recommendations which are to be made by majority vote require the affirmative vote of at least four Contracting States.

3. The Standing Committee shall meet whenever necessary but at least once a year. Any Contracting State may request that a meeting be held.

4. The Standing Committee shall adopt its own rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for the convening of meetings and for the designation of the Chairman and his term of office.

5. The Standing Committee may decide to set up any Sub-Committee or Working Party that can assist it in carrying out its duties.

6. The Standing Committee may invite observers and experts to attend meetings of the Committee.

Article 9

1. It shall be the responsibility of the Standing Committee to administer this Convention and to monitor its proper implementation as well as to review the operation of the agreements included in Annex III to this Convention. For these purposes it shall take decisions in the cases provided for in this Convention as well as make recommendations for the furtherance of the objectives of the Convention.

2. If in the Standing Committee a consensus cannot be reached on the endorsement or deletion of a testing laboratory or a relevant body according to Article 2 (3), the Standing Committee shall promptly set up a Working Party with the task of preparing a decision. Each Contracting State may nominate one member to the Working Party. The Working Party shall present its report containing findings and recommendations within three months to the Standing Committee, after which the Standing Committee shall act within two months by majority vote.

3. At the request of a Contracting State, the Standing Committee shall examine cases where measures under Article 3 have been taken. It may recommend by majority vote that any Contracting State involved in such a case take appropriate measures to prevent similar cases from occurring in the future. This shall not prevent the application of Article 10.

4. The Standing Committee may recommend amendments to the text of this Convention. It shall adopt by decision amendments to the Annexes to this Convention.

5. Hafi fulltrúi samningsríkis í fastanefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að kröfum stjórnskipunarlaga sé fullnægt skal ákvörðunin öðlast gildi, ef dagsetning er þar ekki tilgreind í fyrirvaranum, á fyrsta degi annars mánaðar eftir að tilkynnt hefur verið um brottfall fyrirvarans.

6. Fastanefndin skal árlega yfirfara framkvæmd og beitingu samnings þessa og hafa í því hliðsjón af markmiðum með honum. Samningsríkin skulu veita nauðsynlegar upplýsingar til að það megi gjöra. Niðurstöður yfirferðanna skulu útgefnar.

**Lausn deilumála**

10. gr.

1. Nú verður ágreiningur milli einhverra samningsríkja um mál sem hefur áhrif á beitingu samningsins, og getur þá hvert þeirra sem er, ef viðkomandi samningsríki finna ekki á henni fullnægjandi lausn sín á milli, vísað málinu til fastanefndarinnar.

2. Þegar fastanefndin hefur rannsakað málið skal hún leitast við að leysa deiluna á þann hátt sem viðkomandi samningsríki geta fellt sig við.

3. Nú leysist ekki deilan með þessum hætti og getur þá hvert samningsríkjanna óskað þess að málinu verði vísað til dómnefndar óháðra sérfræðinga á vegum stjórnvalda eða annarra sem fastanefndin skipar.

4. Á grundvelli skýrslu dómnefndarinnar, þar sem niðurstöður hennar og tillögur koma fram, skal fastanefndin grípa til viðeigandi ráðstafana með meirihlutaákvörðun. Hún getur, ef málsatvik eru svo alvarleg að þau réttlæti það, heimilað einu eða fleiri samningsríkjanna að fella niður tímabundið framkvæmd skuldbindinga sinna gagnvart öðru samningsríki eins og hún þykir hæfa.

**Lokaákvæði**

11. gr.

Þegar er samningur þessi öðlast gildi skulu samningsríkin veita fastanefndinni upplýsingar um ráðstafanir sem eru tiltækar eða gerðar sérstaklega til að tryggja framkvæmd samningsins og umsjón með honum. Einnig skal tilkynna fastanefndinni um allar síðari breytingar á slíkum ráðstöfunum.

12. gr.

Viðaukar við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

5. If a representative of a Contracting State in the Standing Committee has accepted a decision with reservation, subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no date is contained therein, on the first day of the second month after notification of the lifting of the reservation.

6. The Standing Committee shall annually review the implementation and operation of the Convention, taking into account the objectives thereof. The Contracting States shall provide the necessary information for the reviews. The results of the reviews shall be published.

**Dispute Settlement**

Article 10

1. If a dispute arises between any of the Contracting States as to any matter affecting the operation of this Convention and if no satisfactory solution is found between the Contracting States concerned, any of them may refer the matter to the Standing Committee.

2. The Standing Committee shall, after examining the matter, endeavour to reach a settlement of the dispute that is acceptable to the Contracting States concerned.

3. If no such settlement can be reached, any of the Contracting States may request that the matter be referred for examination to a panel of independent governmental or non-governmental experts to be set up by the Standing Committee.

4. On the basis of the report of the panel containing its findings and recommendations, the Standing Committee shall, by majority decision, take appropriate action. It may, if the circumstances are serious enough, authorize one or more Contracting States to suspend in respect of any other Contracting State the application of such obligations under this Convention as it considers appropriate.

**Final Provisions**

Article 11

The Contracting States shall promptly after the entry into force of this Convention inform the Standing Committee of measures in existence or taken to ensure the implementation and administration of this Convention. Any changes of such measures thereafter shall also be notified to the Standing Committee.

Article 12

The Annexes to this Convention shall form an integral part thereof.

13. gr.

Sérhvert samningsríkjanna getur dregið til baka aðild sína að þessum samningi, enda skýri það vörsluaðila frá því skriflega með tólf mánaða fyrirvara og skal hann tilkynna öllum öðrum samningsríkjum þar um.

Article 13

Any Contracting State may withdraw from this Convention provided it gives twelve months' notice in writing to the depositary which shall notify all other Contracting States.

14. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1990, enda hafi samningsríkin afhent ríkisstjórn Svíþjóðar, sem fara skal með hlutverk vörsluaðila, staðfestingarskjöl sín fyrir þann dag.

2. Öðlist samningur þessi eigi gildi 1. janúar 1990 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta staðfestingarskjal er afhent.

3. Vörsluaðili skal tilkynna samningsríkjunum um dagsetningu afhendingar staðfestingarskjals hvers samningsríkis, svo og dagsetningu gildistöku samningsins.

4. Skrifstofa Fríverslunarsamtaka Evrópu skal veita þjónustu vegna samnings þessa.

Article 14

1. This Convention shall enter into force on 1 January 1990 provided that the Contracting States before that date have deposited their instruments of acceptance with the Government of Sweden which shall act as depositary.

2. If this Convention does not enter into force on 1 January 1990 it shall do so on the first day of the second month following the deposit of the last instrument of acceptance.

3. The depositary shall notify the Contracting States of the date of the deposit of the instrument of acceptance of each Contracting State and of the date of the entry into force of the Convention.

4. The Secretariat services for this Convention shall be provided by the EFTA Secretariat.

15. gr.

Samning þennan, sem gerður er í einu eintaki á ensku, skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar og skal hún afhenda hverju samningsríki staðfest afrit hans.

Article 15

This Convention, which is drawn up in a single copy in the English language, shall be deposited with the Government of Sweden which shall deliver a certified copy thereof to each Contracting State.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Tampere 15. júní 1988.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Convention.

DONE at Tampere this fifteenth day of June 1988.

**Viðauki I**

**Skrá yfir skjöl sem fjallað er um í 2. tl. 1. gr.**

(a) ISO/IEC Leiðbeiningar 2–1986, Almenn orð og skilgreiningar um stöðlun og skylda starfsemi.

(b) Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir, Genf 1979, Viðauki 1, Hugtök og skilgreiningar þeirra hvað snertir samning þennan sérstaklega; skilgreiningar á aðila á vegum ríkisvalds eða annarra svæðisbundinna stjórnvalda, og óopinberum aðilum.

**Annex I**

**List of documents on definitions referred to in Article 1 (2)**

(a) ISO/IEC Guide 2–1986, General Terms and their definitions concerning standardization and related activities

(b) General Agreement on Tariffs and Trade, Agreement on Technical Barriers to Trade, Geneva 1979, Annex 1, Terms and their definitions for the specific purposes of this agreement; definitions of central government body, local government body and non-governmental body.

**Viðauki II**

**Skrá yfir skjöl er lýsa forsendum viðurkenningar sem fjallað er um í 1. tl. 2. gr.**

(a) ISO/IEC Leiðbeiningar 25–1982, Almennar tæknilegar hæfiskröfur til prófunarstofa.

(b) ISO/IEC Leiðbeiningar 38–1983, Almennar kröfur til viðurkenningar prófunarstofum.

**Annex II**

**List of documents defining accreditation criteria referred to in Article 2 (1)**

(a) ISO/IEC Guide 25–1982, General requirements for the technical competence of testing laboratories

(b) ISO/IEC Guide 38–1983, General requirements for the acceptance of testing laboratories.

**Viðauki III**

**Skrá yfir samninga sem fjallað er um í 2. tl. 2. gr.**

**Annex III**

**List of agreements referred to in Article 2 (2)**

**Viðauki IV**

**Skrá yfir prófunarstofur og viðeigandi aðila sem gefa út prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi sem eru viðurkenndar samkvæmt samningum sem fjallað er um í 2. gr., tl. 3.1.**

**Annex IV**

**List of testing laboratories and relevant bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under agreements referred to in Article 2 (3.1)**

**Fylgiskjal 2.**

## BÓKUN
### um beitingu samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi gagnvart furstadæminu Liechtenstein

Þau ríki, sem undirritað hafa samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, og furstadæmið Liechtenstein,

með hliðsjón af því að furstadæmið Liechtenstein og Sviss eru í tollabandalagi samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923,

með hliðsjón af því að furstadæmið Liechtenstein óskar eftir því að öll ákvæði samningsins gildi gagnvart því, og hyggst í því skyni og að því leyti sem nauðsynlegt er veita Sviss sérstakt umboð,

eru sammála um eftirfarandi:

1. Samningnum skal beitt gagnvart furstadæminu Liechtenstein meðan það er í tollabandalagi við Sviss og Sviss er aðili að samningnum.

## PROTOCOL
### relating to the Application of the Convention on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity to the Principality of Liechtenstein

The Signatory States of the Convention on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity and the Principality of Liechtenstein,

Considering that the Principality of Liechtenstein forms a customs union with Switzerland pursuant to the Treaty of 29 March 1923,

Considering that the Principality of Liechtenstein has expressed the wish that all the provisions of the Convention should be applied to it and to this end, in so far as this is necessary, proposes to give special powers to Switzerland,

Have agreed as follows:

1. The Convention shall apply to the Principality of Liechtenstein as long as it forms a customs union with Switzerland and Switzerland is a Party to the Convention.

2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samnings þessa.

3. Bókun þessi skal fullgild af ríkjum þeim sem undir rita og furstadæminu Liechtenstein. Fullgildingarskjölum skal komið til vörslu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum samningsaðilum.

4. Bókun þessi skal öðlast gildi þegar fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa verið afhent.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Tampere 15. júní 1988, í einu eintaki á ensku, sem afhent skal ríkisstjórn Svíþjóðar, og skal hún afhenda sérhverjum samningsaðila staðfest afrit þess.

2. For the purposes of the Convention, the Principality of Liechtenstein shall be represented by Switzerland.

3. This Protocol shall be ratified by the Signatory States of the Convention and the Principality of Liechtenstein. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other Contracting Parties.

4. This Protocol shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all Contracting Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Protocol.

DONE at Tampere this fifteenth day of June 1988, in a single copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other Contracting Parties.

Nr. 15 18. júní 1990

# AUGLÝSING

**um rammasamning við Evrópubandalögin um samvinnu á sviði vísinda og tækni.**

Hinn 6. júní 1990 var ráði og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tilkynnt um staðfestingu Íslands á rammasamningi um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli ríkisstjórnar Íslands og Evrópubandalaganna sem undirritaður var í Brussel 30. október 1989. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Hann öðlaðist gildi 6. júní 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. júní 1990.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*